

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Jóns-
dóttur frá Ósbrekku í Ólafsfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 190
málaráðherra 7. nóv. 1951. 7. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur frá Ósbrekku í Ólafsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Jónsdóttur frá Ósbrekku.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00 — tvö þúsund króna — gjöf frá Þorsteini Þorkelssyni, fyrrv. hreppstjóra í Ólafsfirði, til minningar um konu hans látna, Guðrúnu Jónsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, tvö þúsund krónur, er afhent af Þorsteini Þorkelssyni.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra kirkjusönginn í Ólafsfirði.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að hlotnast.

6. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir kr. 800.00, má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna, sbr. 4. gr., en $\frac{1}{4}$ vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, sóknarpresturinn í Ólafsfirði, og skal hann vera formaður sjóðstjórnarinnar, og tveir ættingjar Guðrúnar Jónsdóttur, búsettir í Ólafsfirði, tilnefndir af stofnanda sjóðsins til fjögurra ára í senn. Að stofnanda látnum kýs sóknarnefnd Ólafsfjarðar hina tvo meðstjórnendur til fjögurra ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga Ólafsfjarðar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í hana skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, og yfirleitt allt, er varðar hag hans og rekstur.

9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ólafsfirði, 29. október 1951.

Þorsteinn Þorkelsson.